



Reykjavík 01.04.2020

Leiðbeiningar vegna sorphirðu vegna Covid-19

|   |   |   |
|---|---|---|
| <p><b>Neyðarstig</b><br/>(breytt verklag við sorphirðu)</p> | <p>Prep 1, sorphirðan afkastar 14 daga losun.</p> | <p>Haldið skal óbreyttu verklagi við flokkun og söfnun heimilissorps á meðan sorphirða sveitarfélagsins afkastar losun sorpiláta á 14 daga fresti við íbúðahús. Komi til samkomubanns, lokun menntastofnana og aukinnar viðveru íbúa á heimilum skal tíðni sorphirðu aukin eins og þurfa þykir svo sorp rúmist í sorpilátum. Vegna sóttvarna er mikilvægt að sorp rúmist í sorpilátum og snerting starfsmanna við sorp verði sem minnst við losun.</p> <p>Starfsmenn skulu búnir sóttvörnum og búnaður þrífinn samkvæmt fylgiskjali A með viðbragðsáætluninni. Vinnuflokkum er skipt í hópa. Hóparnir fara á mismunandi starfsstöðvar í neysluhlé ef hægt er, eða á mismunandi tímum. Óheimilt er að færa starfsmenn milli vinnuflokka sem ekki tilheyra sama hópnum. Fylgja skjal verklagsreglum sem settar eru fram í fylgiskjali A.</p>  |
|   | <p>Prep 2, tíðni losana fer yfir 21 dag.</p>      | <p>Stjórnandi ræður afleysingafólk tímabundið eða fær lánað starfsfólk frá öðrum starfseiningum sveitarfélagsins til að auka afköst sorphirðu komi til veikinda starfsmanna eða fjarveru vegna starfsmanna í sóttkví.</p> <p>Náist ekki að manna stöður flokkstjóra eða starfsmanna við hirðu þarf að breyta verklagi við flokkun og söfnun úrgangs við heimili þar sem lífrænn úrgangur getur valdið óþef og ásókn meindýra rúmist í sorptunnum og til að lágmarka úrgang utan við sorpilát. Annað endurvinnsluefni úrgangs s.s. pappa og plast þarf að flokka frá við heimili og íbúar annað hvort að geyma hjá sér í nokkrar vikur eða flytja í miðlæga gáma eða grenndarstöðvar. Staðsetning og stærðir grenndarstöðva og miðlægra gáma skal vera á þekktum stöðum í sveitarfélaginu svo sem við skóla. (að því gefnu að skólar séu lokaðir). Kynna skal fyrir íbúum hvaða úrgang má setja í sorptunnur, hvaða úrgang skal setja í miðlæga gáma og hvar þeir eru staðsettir. Íbúar skulu hvattir til að færa sorptunnur sem næst aðkomu að lóð. (Verður að fara eftir veðri og veðurspám). Sorp skal losað og meðhöndlað samkvæmt lýsingu í fylgiskjali A. Starfsmenn skulu búnir sóttvörnum og búnaður þrífinn samkvæmt fylgiskjali A.</p> |
|   | <p>Prep 3, tíðni losana fer yfir 28 daga.</p>     | <p>Íbúum sérbýlishúsa (einbýlis-, rað- og parhúsa) verður skylt að færa sorptunnur að aðkomu að lóð. (Fer eftir veðri og veðurspám). Íbúum verður skylt að halda dagblöðum og tímaritum, sléttum pappa og</p>   |



Reykjavík 01.04.2020

Leiðbeiningar vegna sorphirðu vegna Covid-19

|  |  |  |
|--|--|--|
|  |  | <p>bylgjupappa heima. Íbúar noti sorptunnur fyrir lífrænan úrgang sem valdið getur óþef og ásókn meindýra en rúmist sá úrgangur ekki í tunnunum skal skila honum í miðlæga gáma. Losun miðlægra gáma skal aukin svo þeir yfiryllist ekki. Anni sorphirðan og gámafyrirtæki ekki losun á tunnum og gámum skal auka flokkun á sorpi og flokkum sem halda skal heima skv. fylgiskjali B. Alltaf ætti því að viðhafa verklagsreglurnar sem fram koma í fylgiskjali A. Starfsmenn skulu búnir sóttvörnum og búnaður þrífinn samkvæmt fylgiskjali A með viðbragðsáætluninni.</p> |
|--|--|--|



## **Fylgiskjal A: Skilgreining á sóttvarnabúnaði, þrifum og fyrirbyggjandi meðferð og meðhöndlun á sóttmenguðum úrgangi.**

### **Sóttvarnabúnaður almennra starfsmanna:**

Allir almennir starfsmenn skulu hafa aðgang að handspritti. Sprittið skal vera aðgengilegt og vel sýnilegt þegar komið er inn í sorpbíl svo starfsmenn geti hreinsað hendur sínar þegar farið er inn í bílinn. Starfsmenn skulu klæðast vinnuvettlingum sem farið er úr þegar farið er inni sorpbíl. Hanska skal geyma á gólfi eða milli fóta á meðan starfsmenn eru í bílnum en ekki á mælaborði. Hanskarnir skulu vera vatnsheldir og starfsmenn skulu klæðast einnota hönskum innundir þeim. Á neyðarstigi þegar sett hefur verið á samkomubann og fjarlægðamörk milli fólks skulu starfsmenn vera með andlisthlífar/maska þegar setið er í sorpbílum. Fara skal eftir sóttvarnareglum sem settar eru hverju sinni.

Fara skal úr öllum vinnufötum (hlífðarfatnaði) í forstofu mötuneytis og skulu starfsmenn þvo hendur sínar og nota handspritt áður en farið er í matsal.

Stjórnandi umhverfsgæða fylgist með fyrirmælum hjá sóttvarnalækni og heilbrigðiseftirliti.

### **Sóttvarnabúnaður bílstjóra**

Bílstjórar skulu sótthreinsa alla snertifleti inni í bílnum sem komið er við með hönskum. Einnig skulu þeir hreinsa hendur sínar áður en farið er inn í bílinn þurfi þeir að aðstoða almenna starfsmenn við hirðu og losun íláta. Sótthreinsa skal reglulega helstu snertifleti í bílnum. Á neyðarstigi þegar sett hefur verið á samkomubann og fjarlægðamörk milli fólks skulu bílstjórar vera með andlisthlífar/maska þegar almennir starfsmenn sitja í sorpbílum.

### **Sóttvarnabúnaður annarra starfsmanna sorphirðunnar**

Starfsmenn sorphirðunnar skulu fara eftir þeim sóttvarnareglum sem sóttvarnalæknir setur hverju sinni.

### **Þrif á fatnaði starfsmanna, sorpbifreiðum og tunnum**

Þrifa á vinnugalla eftir hverja vakt. Sorpbílar skulu sápaðir áður en spúlað er innúr þeim og af lyftubúnaði.

### **Bólusetningar starfsmanna**

Samkvæmt fyrirmælum sóttvarnalæknis hverju sinni.

### **Meðhöndlun úrgangs á neyðarstigi**

Starfsmenn skulu eftir fremsta megni gæta varúðar við meðhöndlun úrgangs. Sorpílat skulu ekki opnuð heldur flutt beint í hirðubíla. Forðast skal að snerta sorp. Fylgja skal ráðleggingum Landlæknis og Umhverfisstofnunar um meðhöndlun úrgangs hverju sinni.



## Fylgiskjal B: Kynningaráætlun um breytt fyrirkomulag við flokkun og söfnun á sorpi

### **Neyðarstig, þrep 2, losunartíðni > 21 dagar:**

Þegar losunartíðni sorptunna fer yfir 21 dag þarf að tryggja að úrgangur sem meindýr sækja í og úrgangur sem er auðniðurbriótanlegur og getur þannig valdið ólykt sé hirtur örur. Jafnframt lágmarka úrgang sem liggur utan við sorphlát. Annan úrgang þurfa íbúar að flokka frá og annað hvort geyma heima hjá sér þar til faraldurinn er genginn yfir eða skila á grenndar- og endurvinnslustöðvar eða í gáma sem komið verður fyrir í sveitarfélaginu.

#### Úrgangur sem flokka á frá og skila í gáma er eftirfarandi:

Dagblöð og tímarit  
Umbúðapappi, bæði bylgjupappi og sléttur  
Plastumbúðir  
Gler  
Málmur

#### Úrgangur sem setja á í heimilistunnuna er eftirfarandi:

Matarafgangar  
Umbúðir sem ekki er hægt að þrifa matarafganga af  
Bleyjur

Annan úrgang, s.s. skilagjaldsmbúðir, fatnaður og raftæki er æskilegt að geyma og skila á endurvinnslustöðvar þegar faraldurinn er genginn yfir. Benda þarf íbúum á að skola vel allar umbúðir af matvælum svo þær lykti ekki þurfi að geyma þær. Merkja þarf gámana vel svo íbúar sjái greinilega hvar þeir geti losað úrganginn.

Sveitarfélagið kynnir breytta sorphirðu. Kynna þarf breytingarnar með auglýsingu í fjölmiðlum, á heimasíðu sveitarfélagsins og á samfélagsmiðlum. Í auglýsingunni þarf að koma fram hvar gámar eru staðsettir og hvernig skuli flokka heimilisúrganginn.

### **Neyðarstig, þrep 3, losunartíðni > 28 dagar:**

Þegar losunartíðni sorptunna í borginni fer yfir 28 daga þarf að tryggja að úrgangur sem meindýr sækja í og úrgangur sem getur valdið ólykt rúmist í heimilistunnunum. Þennan úrgang þarf að losa sem örast. Rúmist hann ekki í tunnunum þurfa íbúar að setja hann í miðlæga gáma sem komið er fyrir þegar komið er á þrep 3 á neyðarstigi. Til að miðlægu gámarnir afkasti því sem fellur til gætu íbúar þurft að geyma ákveðna úrgangsflokka þar til faraldurinn er genginn yfir.

#### Eftirfarandi úrgangsflokka er æskilegt að geyma heima anni gámar ekki því sem til fellur:

Dagblöð og tímarit  
Umbúðapappa, bæði bylgjupappa og sléttan pappa  
Plastumbúðir  
Gler  
Málmur